



Lyfjamál 101


Lyf við sársjúkdómi (A02B)

Eggert Sigfússon


ÞRÁTT FYRIR AÐ NOTKUN Á CÍMETIDÍNI OG RANITIDÍNI fari nú jafnt og þétt minnkandi heldur kostnaður vegna lyfja við sársjúkdómi stöðugt áfram að hækka eins og sjá má á súluritinu hér að neðan. Kostnaður á árinu 2001 er hér framreiknaður á grundvelli talna fyrir fyrstu níu mánuði ársins. Mestu munar um vaxandi kostnað vegna ómeprazolís og lanzóprazolís. Reyndar virðist magn þeirra síðastnefndu vera að ná hámarki og jafnvel aðeins að minnka á síðasta ári. Á

móti kemur inn nýtt lyf, esómeprazol, sem er í örum vexti. Óvenjuleg þróun er í þessu tilfalli þar eð esómeprazol er mun ódýrara en bæði ómeprazol og lanzóprazol og meira að segja ódýrara en nýjasta lyfið, rabeprazól, sem fékk markaðsleyfi 1. maí 2001 og er að byrja að gera vart við sig í sölutölum. Meðalverð dagskammta samkvæmt verðskrá 1. janúar 2002 er sem hér segir: Ómeprazol 246 kr., lanzóprazol 261 kr., rabeprazól 203 kr. og esómeprazol 158 kr.

Mynd 1. Lyf við sársjúkdómi (A02B), ársfjórðungstölur.



Mynd 2. Lyf við sársjúkdómi (A02B).



Höfundur er deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.